



Atvinnumálastefna Ísafjarðarbæjar

Febrúar 2014



“

Sjálfbærni verði
grunnforsenda fyrir
uppbyggingu atvinnulífs
á Vestfjörðum

”

INNGANGUR

Þessi stefna er unnin fyrir atvinnumálanefnd Ísafjarðarbæjar. Atvinnumálanefnd Ísafjarðarbæjar bar ábyrgð á vinnu við stefnuna og vann verkefnið í samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða.

3

Ábyrgðaraðili hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða (Atvest) var Neil Shiran K. Þórisson.

Stefnan er unnin út frá fyrirbyggjandi gögnum og horft var sérstaklega til aðalskipulags Ísafjarðabæjar, en því til viðbótar voru haldnir sérstakir vinnufundir :

- » Vinnufundur með atvinnumálanefnd 12. janúar 2011
- » Opinn fundur með hagsmunaaðilum í atvinnulífi 15. apríl 2011
- » Vinnufundur með bæjarráði og atvinnumálanefnd 23. maí 2011
- » Viðtöl við atvinnurekendur og stærstu aðila atvinnulífsins í Ísafjarðarbæ á tímabilinu júní til september 2011
- » Fundir með nefndum á vegum Ísafjarðarbæjar í tengslum við þessa stefnu á tímabilinu ágúst – nóvember 2012.
- » Vinnufundur með bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar og atvinnumálanefnd Ísafjarðarbæjar þann 7. maí 2013
- » Vinnufundir með fulltrúum menningarlífs og skapandi greina í Ísafjarðarbæ þann 31. maí og 6. júní 2013.

Þar sem um tiltölulega lifandi vinnu er að ræða þá hafa verið umræður um hvað svona stefna á að innihalda og í raun verður svona skjal seint talið fullunnið. Markmiðið með vinnunni er þó að skjalfesta í einni skýrslu þær áherslur sem Ísafjarðarbær hefur að leiðarljósi til að efla atvinnu svæðisins til lengri tíma. Til viðbótar við þetta verður unnin aðgerðaáætlun sem mun innihalda markvissar aðgerðir.

Öllum þeim sem komu að vinnu við þessa stefnu eru hér með færðar þakkir.

STEFNA OG FRAMTÍÐARSÝN

4

Atvinnumálastefnu Ísafjarðarbæjar er ætlað að vera leiðarljós yfirvalda í því að stuðla að fjölbreyttu og öflugtu atvinnulífi á Vestfjörðum.

Hlutverk

Að skapa grunn fyrir sterkt og öflugt atvinnulíf. Vera leiðandi aðili í að kynna styrkleika og tækifæri Ísafjarðarbæjar og tala fyrir hagsmunum svæðisins.

Lögð verður áhersla á að efla nýsköpun og þróun og hlúa að því sem fyrir er. Mikilvægt er að fjölga úrræðum til að styðja við atvinnuuppbyggingu.

Framtíðarsýnin

Ísafjarðarbær byggir á fjölbreyttu og þróttmiklu atvinnulífi sem nýtir sér náttúrulegar aðstæður, auðlindir og hagfellt viðskiptaumhverfi til stöðugar framþróunar. Sjálfbærni verði grunnforsenda fyrir uppbyggingu atvinnulífs á Vestfjörðum. Slíkt muni í framtíðinni skapa bæði öflugt atvinnulíf og kraftmikið samfélag sem íbúar eru stoltir af.

Farvegur

Ísafjarðarbær getur unnið að ofangreindri framtíðarsýn í gegnum:

- » Virkt samráð við íbúa
- » Hefðbundin störf bæjarstjórnar og bæjarráðs
- » Samvinnu við ríkisvaldið og önnur sveitarfélög
- » Fjórðungssamband Vestfirðinga
- » Sérstakar nefndir t.a.m. atvinnumálanefnd
- » Eignarhaldsfélagið Hvetjanda
- » Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða
- » Upplýsingamiðstöð ferðamála
- » Markaðsstofu Vestfjarða
- » Menntastofnanir
- » Úrræði sem auka fjármagnsflæði og fjárfestingar á svæðinu
- » Opinberar framkvæmdir



STAÐA ATVINNULÍFS

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hefur unnið að atvinnulífsgreiningum Vestfjarða og eftirfarandi eru samandregin lykilatriði úr greiningum ásamt mati á stöðu atvinnulífs í Ísafjarðarbæ.

Það er lítill hagvöxtur á svæðinu og afkoma fyrirtækja í kjölfar efnahagshruns hefur leitt til ákveðinnar stöðnunar í atvinnulífinu. Fyrirtæki svæðisins hafa takmarkaða getu til þess að fjárfesta mikið í rannsóknum, þróun og nýsköpun til þess að örva efnahagslegan vöxt á svæðinu.

Sjávarútvegur er ráðandi atvinnugrein á svæðinu og mætti áætla að um 75-80% af hagkerfinu beint og óbeint séu vegna sjávarútvegs.

Ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein sem nauðsynlegt er að hlúa betur að þar sem hún hefur jákvæð margfeldisáhrif á fyrirtæki sem byggja upp nauðsynlega þjónustu fyrir íbúa samfélagsins og aðra í atvinnulífinu s.s. verslun, veitingahús og gististaði.

Sveitarfélagið og opinberar stofnanir eru sífellt stærri hluti af hagkerfi sveitarfélagsins. Sveitarfélög byggja afkomu sína á því að atvinnulíf svæðisins sé heilbriggt og íbúar samfélagsins geti fundið sér vinnu við hæfi. Aukning hefur verið í opinberum störfum sem skapar



fjölbreytileika, en jafnframt er mikilvægt að finna jafnvægi í opinberum störfum og störfum sem byggja á öflugu einkareknu atvinnulífi.

Samkeppni er fyrir hendi hjá fyrirtækjum sem þjónusta heimamarkaðinn. Verslanir, bakarí, veitingahús og önnur þjónustufyrirtæki hafa viðhaldið háu þjónustustigi á svæðinu og smæð markaðarins býður ekki upp á mikla samkeppni til viðbótar.

Í Ísafjarðarbæ er að myndast vísir að öflugu þekkingarsamfélagi þar sem boðið er upp á staðbundið háskólanám á meistarastigi auk fjarnámsmöguleika við aðra háskóla. Einnig er þar að finna helstu rannsóknarstofnanir tengdar sjávarútvegi auk stoðstofnana atvinnulífsins í einu stærsta þekkingar- og þróunarsetri landsins.

Menningar-, lista- og íþróttastarf er blómlegt í Ísafjarðarbæ. Haldnar eru hátíðir sem hafa umtalsverð margföldunaráhrif fyrir verslanir og þjónustu í sveitarfélaginu. Aldrei fór ég suður, Act Alone, Við Djúpið, Mýraboltinn, Sæludagar á Suðureyri og Fossavatnsgangan eru dæmi um hátíðir sem hafa fest sig í sessi og skapa umtalsverð áhrif fyrir hagkerfið þar sem fjölmargir gestir heimsækja þessar hátíðir ár hvert. Því til viðbótar eru tveir tónlistarskólar, leikklúbbar, menningarhúsið Edinborg, Héraðssamband Vestfirðinga og Íþróttafélög innan þess dæmi um það öfluga starf sem fer fram innan sveitarfélagsins í menningu, listum og tólmundastarfi.

STYRKLEIKAR VEIKLEIKAR

6

- » Fjölskylduvænt samfélag með góðum leikskólum, grunnskólum, menntaskóla og heilbrigðri unglingamenningu. Þetta hvetur fjölskyldufólk til að halda áfram að búa á staðnum og laðar að nýtt fólk.
- » Íþróttastarf, menningar- og listalíf er öflugt. Tólmstundir eru mikilvægar fyrir íbúa samfélagsins og innan Ísafjarðarbæjar er framboð á tólmstundum eins og best verður á kosið.
- » Grunngerð sem sveitarfélagið kemur að er jákvæð fyrir atvinnulífið, en fyrirtæki svæðisins hafa aðgengi að hreinu vatni og grænni orku fyrir starfsemi sína.
- » Boðleiðir samfélagsins eru stuttar. Samhugur og íbúapátttaka er mikil.
- » Aðgengi að heilbrigðisþjónustu, menntakerfi og margvíslegri opinberri þjónustu er mjög gott.
- » Nálægð við sjávarauðlindir og hafnarmannvirki eru mörg og vel búin til að nýta þennan styrkleika.
- » Sveitarfélagið þolir illa sveiflur í tekjum og takmarkað svigrúm er fyrir hendi til hagræðingar- aðgerða.
- » Hátt þjónustustig sveitarfélagsins er fjárhagslega krefjandi. Fólksfækkun hefur neikvæð áhrif á tekjustreymi.
- » Erfitt fyrir sveitarfélagið að samræma þjónustustig milli kjarna sveitarfélagsins (Flateyri, Suðureyri, Þingeyri, Ísafjörður). Mismunandi þjónustustig eða skortur á þjónustu getur skapað ósamstöðu meðal íbúa og aðila atvinnulífsins. Fjólkjarna sveitarfélag er einnig erfitt að þjónusta m.a. með tilliti til almenningssamgangna.
- » Afhendingaröryggi raforku. Staða raforkumála er hamlandi fyrir frekari uppbyggingu atvinnulífs á svæðinu.
- » Fjarskiptasambandi á svæðinu er ábótavant sem hamlar uppbyggingu í atvinnugreinum sem krefjast öruggra og hraðvirkra gagnaflutninga.
- » Hár húshitunarkostnaður skekkir samkeppnisstöðu fyrirtækja á svæðinu.
- » Samgöngur innan Vestfjarða.
- » Einhæft atvinnulíf.



ÓGNANIR

- » Einhæft atvinnulíf sem byggir á úthlutuðum gæðum sem auðvelt er að flytja til.
- » Helsti atvinnuvegurinn byggir á takmarkaðri auðlind sem háð er náttúrulegum aðstæðum. Hagkerfið er mjög næmt fyrir öllum breytingum á þessari auðlind.
- » Fólksfækkun hefur verið viðvarandi yfir lengra tímabil. Þó hefur hægst á henni og greina má ákveðinn stöðugleika sem er að komast á varðandi mannfjölda í Ísafjarðarbæ.
- » Minni fiskur unnin á svæðinu og verðmætasköpun byggð á auðlindum svæðisins flyst í auknum mæli til annarra framleiðslusvæða, sem búa við betri rekstrarskilyrði og samkeppnishæfni.
- » Skortur er á störfum fyrir háskólamenntað, ungt fólk.
- » Hár flutnings- og ferðakostnaðar hefur neikvæð áhrif á samkeppnisstöðu atvinnulífsins.
- » Svæðið er of háð gjaldeyrisstjórnun og hagstjórnun þar sem atvinnugreinar svæðisins eru útflutningsmiðaðar.
- » Aðgengi að fjármagni til uppbyggingar atvinnulífs er takmarkað.
- » Áhrifaleysi á opinberar ákvarðanir.



TÆKIFÆRI

- » Það þarf að styrkja ímynd svæðisins sem hágæða matvælaframleiðslusvæði.
- » Vinna meiri verðmæti úr sjávarauðlindum svæðisins. Bæði hvað snýr að þeim afla sem nú þegar er landað í sveitarfélaginu og nýjum sjávarafurðum sem hægt er að framleiða í þessum náttúrulegu aðstæðum sem svæðið hefur upp á að bjóða.
- » Nýta náttúrulegar aðstæður til frekari uppbyggingar á ferðaþjónustu og í sjávarútvegi.
- » Styrkja og stækka háskóla, rannsóknar- og nýsköpunarsamfélag. Þetta getur skapað ný fyrirtæki og nýjar atvinnugreinar, sem aukið geta fjölbreytileikann í atvinnulífinu.
- » Þau tækifæri sem skapast með beinum millilandaflutningum frá Ísafjarðarhöfn þarf að fullnýta m.a. í frekari vinnslu sjávarfangs og í öðrum útflutningsmiðuðum framleiðslugreinum.
- » Nýta þau viðskiptatækifæri sem framfarir í upplýsinga- og samskiptatækni leiða af sér.
- » Samstarfsmöguleikar ólíkra skólastiga og skólagerða geta leitt af sér öflugri verk- og tæknimenntun og aukið samfellu í menntakerfinu í nánú samstarfi við atvinnulífið.




AÐGERÐIR OG TILLÖGUR

8

Í þessum hluta verða settar fram aðgerðir, athugasemdir og tillögur sem komu fram í vinnuferlinu.

Framkvæmd og eftirfylgni við stefnu

ess ber að geta að hluti af niðurstöðu vinnuferlisins var að gera sveitarfélaginu grein fyrir því að það þurfi að endurskoða hvernig bæta megi þjónustu gagnvart atvinnulífi svæðisins og hvað sveitarfélagið geti gert til að mæta betur þörfum atvinnulífsins. Slíkt er langtíma verkefni og byggir á gagnkvæmum skilningi sveitarfélagsins og atvinnulífsins á því sem raunhæft er að framkvæma.



Nefndir Ísafjarðarbæjar vinna sína vinnu og hafa sínar sjálfstæðu stefnur og þarf stefna Ísafjarðarbæjar í atvinnumálum að byggjast á því að nefndirnar hafi hag og framþróun atvinnulífsins í huga þar sem það á við, í vinnu sinni og ákvarðanatöku. Það er í höndum nefnda að setja fram aðgerðir með viðeigandi markmið og árangursmælikvarða.

Við mótun sértækra aðgerða og verkefna ber líka að horfa til aðalskipulags Ísafjarðarbæjar þar sem rætt er um atvinnulíf og atvinnuþróun og eru dregin saman lyklatríði úr því skipulagi í næsta kafla.



Í næstu köflum er að finna tillögur, hugmyndir og verkefni sem ekki hefur verið lagt mat á innan nefnda eða bæjarstjórnar. Lagt er til að nefndir og bæjarstjórn vinni aðgerðaáætlun og verkefnaáætlanir sem eru innan fjárhagsáætlana sveitarfélagsins.



AÐALSKIPULAG ÍSAFJARÐARBÆJAR, ÁHERSLUR OG MARKMIÐ

Flest neðangreindra markmiða og áherslna miðast út frá ákveðnum atvinnugreinum og er það atvinnuálanefnd sem á að bera ábyrgð á að útfæra með bæjarstjórn og öðrum viðeigandi nefndum, aðgerðir og tillögur sem geta stuðlað að því að ná neðangreindum markmiðum.

Sjávarútvegur

- » Sjávarútvegur verði áfram einn af hornsteinum atvinnulífs í Ísafjarðarbæ.
- » Tryggja rými fyrir frekari þróun í sjávarútvegi, vinnslu og rannsóknum þeim tengdum. Efla rannsóknir og styrkja tengsl við menntastofnanir.
- » Beinn útflutningur á fullunnum vörum frá Ísafjarðarbæ.

Eldi

- » Efla rannsóknir til að styrkja þróun greinarinnar.
- » Neikvæðum umhverfisáhrifum fiskeldis verði haldið í lágmarki.

Hafnarsvæði

- » Aðstaða á hafnarsvæðum miðist við þarfir sjávarútvegsins en einnig annarra atvinnugreina, eins og vöru- og farþegaflutninga og ferðaþjónustu.



- » Aðstaða fyrir smábátaútgerð verði til fyrirmyndar.
- » Aðstaða fyrir skemmti- og frístundabáta verði tryggð og ásýnd og umgengni á hafnarsvæðum verði til fyrirmyndar.

Landbúnaður

- » Gott landbúnaðarland, sem er í góðum tengslum við innviði sveitarfélagsins, verði nýtt til landbúnaðar.
- » Stuðla að því að þeir sem hafa áhuga á því að stunda búskap, fái tækifæri til þess.
- » Stefnt verði að sjálfbærum búskap sem miðar að arðbærri framleiðslu sem tekur bæði tillit til umhverfis og velferðar dýra.
- » Bændur verði hvattir til að vinna að landnýtingaráætlunum fyrir jarðir sínar.
- » Efla tengsl landbúnaðar og ferðaþjónustu og tryggja hefðbundna hlunnindanýtingu.



Ferðaþjónusta

- » Í Ísafjarðarbæ þróist sjálfbær ferðaþjónusta, þ.e. ferðaþjónusta sem hámarkar ávinning íbúa svæðisins og upplifun ferðamanna, en gengur ekki á náttúruleg eða menningarsöguleg gæði svæðisins.



Verzlun og þjónusta

- » Stuðla að fjölbreyttri og öflugri verslunar- og þjónustustarfsemi.
- » Viðhalda blómlegum miðbæjum.

Iðnaðar- og athafnasvæði

- » Efla iðngreinar, nýsköpun og útflutning.
- » Efla möguleika til samvinnu fyrirtækja og menntastofnana.
- » Áhersla verði lögð á endurnýjanlega orkugjafa.
- » Lögð áhersla á jarðhitaleit og nýtingu.
- » Fyrirkomulag á sorpgámasvæðum verði til fyrirmyndar og í sátt við íbúa sveitarfélagsins.
- » Þar sem möguleikar eru á nýtingu eldri húsa í þágu atvinnutækifæra, verði fullt tillit tekið til sögu- og verndargildis húsa og umhverfis.

Efnistaka og vinnsla

- » Nægt framboð efnistökusvæða verði fyrir fjölbreytta starfsemi.
- » Öllum eldri námum, sem ekki eru sýndar á aðalskipulaginu, verði lokað þannig að þær falli sem best að umhverfinu og náttúruleg gæði verði endurheimt.

Menningarmál og skapandi greinar

Neðangreind áhersluatriði byggja á sérstökum vinnufundum sem voru haldnir um málefni menningar og skapandi greina í Ísafjarðarbæ:

- » Skoðaðir verði möguleikar á að hafa sérstakan starfsman, menningarfulltrúa, sem sinni fjölbreyttum verkefnum sem snúa að samræmingu, kynningu, fjármögnun og samstarfi menningar og skapandi greina.
- » Stuðlað verði að uppbyggingu vinnuaðstöðu fyrir listamenn, þar sem sérstaklega er horft til þess að laða til svæðisins erlenda og aðflutta listamenn ásamt því að skapa umgjörð fyrir þá listamenn sem nú þegar búa í sveitarfélaginu.
- » Farið verði í greiningarvinnu í að meta samfélagsleg verðmæti, efnahagsleg verðmæti og óbein áhrif menningar fyrir sveitarfélagið, fyrirtæki og einstaklinga í samfélaginu. Þessari greiningarvinnu ljúki með málþingi sem miðli þeirri þekkingu.
- » Stuðlað verði að skilvirkri og samræmdri miðlun upplýsinga um menningarviðburði með rafrænum upplýsingatöflum sem staðsettar verði á lykilstöðum í samfélaginu.

NEFNDIR

Í þessum hluta eru teknar saman þær hugmyndir og aðgerðir sem rætt var um á vinnufundum og í viðtölum og þeim svo skipt upp eftir nefndum, eins og við á.

Atvinnumálanefnd

Á ábyrgð atvinnumálanefndar verði eftirfarandi atriði:

- » Nýsköpunarívilnanakerfi verði komið á sem örv nýsköpun í Ísafjarðarbær.
- » Hagsmunagæsla eigi sér stað í þágu atvinnulífs svæðisins.
- » Rekstur tjaldsvæða verði skoðaður með tilliti til einkaframkvæmda og útboðs á rekstri. Í þessu samhengi þarf að tryggja að gæði þeirrar tjaldsvæðaþjónustu standist kröfur ferðamanna og ákveðnum gæðastöðlum verði viðhaldið.
- » Opnunartímar mannvirkja og þjónustustofnana Ísafjarðarbæjar, sem hafa áhrif á ferðamenn verði skoðaðir með tilliti til ferðavenja og lengingu ferðamannatímans.
- » Vatn er mikilvægt fyrir framleiðslugreinar svæðisins en vatnið getur skapað önnur tækifæri í framleiðslu t.d. vatnsútflutningur. Ísafjarðarbær mun reyna að örva atvinnuuppbyggingu á vatnsfrekum iðnaði.
- » Gerð verði samkeppnisgreining á þeim lykilþáttum sem ákvarða búsetu fólks á svæðinu.
- » Teknar verði saman upplýsingar um laust atvinnuhúsnæði í eigu sveitarfélagsins og leiðir til ívilnana verði skoðaðar fyrir atvinnuuppbyggingu í vannýttu húsnæði.
- » Ísafjarðarbær verði bakhjarl skapandi hátíða sem geta skilað aukningu í eftirspurn eftir verslun og þjónustu á svæðinu.
- » Almenningsamgöngur muni taka mið af skólasterfi, starfsemi fyrirtækja og ferðaþjónustu.
- » Umhverfissvottun sveitarfélagsins verði gæðastimpill fyrir ferðaþjónustu og framleiðslufyrirtæki á svæðinu.
- » Stefna í skemmtiferðaskipakomum.



Það er lagt til að atvinnuáætlun ber að ábyrgð á að fylgja eftir þessari stefnu og vinnu með viðeigandi nefndum og bæjarstjórn að því markmiði að unnar séu viðeigandi aðgerðaáætlanir og verkefnaáætlanir.

Hafnarstjórn

Á ábyrgð hafnarstjórnar verði eftirfarandi atriði:

- » Höfnin snertir stærsta atvinnuveg svæðisins sem er sjávarútvegur. Í því samhengi þarf að hafa í huga að gjaldtaka og þjónusta sé skilvirk og hagkvæm bæði fyrir iðnaðinn og fyrir sveitarfélagið.
- » Þau svæði sem snúa að hafsækinni ferðaþjónustu þurfa að vera snyrtileg og til fyrirmyndar.
- » Komum skemmtiferðaskipa til Ísafjarðarhafnar hefur fjölgað gríðarlega, slíkt getur haft áhrif á starfsemi hafsækisins iðnaðar og þarf því að hafa í huga hvernig hægt sé að samþætta þessa tegund ferðamennsku við þann iðnað sem nú þegar er á viðkomandi hafnarvæðum.

Íþrótt- og tómsfundanefnd

Á ábyrgð íþrótt- og tómsfundanefndar verði eftirfarandi atriði:

- » Menningar- og íþróttastarf verði áfram öflugt og það verði ávallt skoðað í samhengi við hvernig það þjónar íbúum samfélagsins sem afþreying og félagsstarf. Þetta er mikilvægur þjónustupáttur sem þarf að vera í lagi til að halda í og laða að nýtt, hæfileikaríkt starfsfólk til fyrirtækja svæðisins.

Fræðslunefnd

Á ábyrgð fræðslunefndar verði eftirfarandi atriði:

- » Skólastarf verði þekkt af gæðum og fagmennsku og ekki verið slakað á gæðum á tímum fjármálaþrenginga.
- » Skoðaðir verði möguleikar á nýsköpunar- og frumkvöðlafræðslu í grunnskólum til að auka skilning barna á atvinnulífinu. Þetta er

langtímaverkefni og til lengri tíma litið gæti þetta leitt til þess að fleiri einstaklingar verði frumkvöðlar í atvinnulífinu.

- » Framboð dagforeldra á svæðinu mæti þörfum hverju sinni.

Umhverfisnefnd

Á ábyrgð umhverfisnefndar verði eftirfarandi atriði:

- » Teknar verði saman upplýsingar um lausar atvinnu- og iðnaðarlóðir. Þær lóðir kynntar sérstaklega og upplýsingar um þær gerðar aðgengilegar á heimasíðu Ísafjarðarbæjar.
- » Í tengslum við skipulagsmál verði starfshættir og vinnuferlar skoðaðir svo að hægt sé að tryggja gegnsæja og skilvirka þjónustu gagnvart umsækjendum.
- » Opin svæði verði snyrtileg, sem bæti ásýnd og ímynd bæjarins.
- » Rekstur tjaldsvæða verði skoðaður með tilliti til einkaframkvæmda og útboðs á rekstri. Í þessu samhengi þarf að tryggja að gæði þeirrar tjaldsvæðaþjónustu standist kröfur ferðamanna.
- » Viðhald á eignum sveitarfélagsins verði í stöðugu ferli svo að ekki komi til kostnaðarsams viðhalds og endurbóta sökum vanrækslu.
- » Úrgangsmál fyrirtækja sem snúa að sorpi og frárennsli þurfa að vera í þeim farvegi að það styðji við sjálfbæra ímynd kjarnaatvinnugreina svæðisins.

Sérstök nefnd um sormál

- » Lögð er áhersla á að sormál sveitarfélagsins styðji við ímynd þess þar sem hágæða matvælaframleiðendur kjósi að starfa og staðsetja sig.

ÁFRAMHALDANDI VINNA OG AÐGERÐIR FRÁ FYRRI STEFNU

Eftirfarandi tillögur eru þær sem komu fram á vinnufundum hjá vinnuhópum í síðustu stefnu-
mótunarvinnu. Í sumum áherslum og aðgerðum er búið að draga saman líkar hugmyndir og
móta tillögur.

Eitt af því sem þarf að hafa í huga varðandi listann er að á sínum tíma voru mörg verkefni sett fram
sem voru fyrir utan beint áhrifasvið sveitarfélagsins. Þetta var því óskalisti sem að einhverju leyti var
erfitt að fylgja eftir þar sem sveitarfélagið bar ekki ábyrgð á framfylgdinni. Hluti af þeirri gagnrýni sem
kom fram á stefnuna var m.a. sú að þar væru teknar fram aðgerðir og áherslur sem aðrir stöðaðilar
taka ákvarðanir um innan síns stjórnkerfis. Þetta á við aðila eins og Markaðsstofu, Ferðamálasamtök,
Fjölmenningssetur, Háskólasetur, Próunarsetur, Atvinnuþróunarfélag, Nýsköpunarmiðstöð, Frum-
kvöðlasetur og Vaxtarsamning. Þessir aðilar hafa sínar stefnur sem geta að einhverju leyti tekið tillit
til stefnu atvinnumála Ísafjarðarbæjar en ráðast ekki eingöngu af henni. Í þeirri stefnu sem nú er
unnin fyrir Ísafjarðarbæ er reynt að setja fram aðgerðir og áherslur út frá því sem sveitarfélagið getur
haft stjórn á.

Eftirfarandi lista má nota aftur og geta nefndir og bæjarstjórn notað hann í mótun nýrra verkefna á
grunni eldri hugmynda.

Áhersla/Aðgerð	Lýsing	Markmið	Staða
Frumkvöðlasetur.	Frumkvöðlasetur veiti efnilegum viðskiptahugmyndum nauðsynlega aðstöðu til að dafna.	Aukin nýstofnun fyrirtækja og betri stuðningur við frumkvöðla og nýsköpun.	Frumkvöðlasetur var starfrækt í Próunarsetri Vestfjarða. Eftirspurn var dræm. Þetta er enn framkvæmanlegt en þyrfti að endurskoða uppsetningu og fyrirkomulag. Samþætting við hugmyndir um Fab Lab gæti verið möguleiki til að byggja upp sterkara frumkvöðlasetur. Einnig þarf að skoða leiðir til að auka fjármagn og fjárfestingar í frumkvöðlaverkefnum.
Rannsóknarmiðstöð í sjókvíaeldi	Koma á fót rannsóknarmiðstöð sem styður við þau fyrirtæki sem stunda fiskeldi í dag. Þetta er hluti af viðfangsefnum sjávarútvegsklasans.	Ísafjarðarbær verði leiðandi á landsvísu varðandi rannsóknir og þróun í fiskeldi.	Matís hafði sína rannsóknarmiðstöð í sjókvíaeldi á Ísafirði, en nýverið breyttist starfsemin og þarf því að skilgreina hana betur. Samstarf atvinnulífsins við Matís þarf að efla og þessi áhersla þarf að koma sterkar fram í langtímaverkefnum Matís á svæðinu

Áhersla/Aðgerð	Lýsing	Markmið	Staða
Rannsóknarmiðstöð í veiðarfærataekni.	Koma á fót rannsóknarmiðstöð sem byggir á sérþekkingu á þessu sviði. Miðstöðin þarf að byggja á þeirri þekkingu sem er til staðar á svæðinu.	Ísafjarðarbær verði auðkenndur sem miðstöð þekkingar á þróun á veiðarfærum.	Rannsóknarmiðstöðin er í lítilli mynd starfsrækt hjá Hafró í Próunarsetrinu, en það þyrfti að auka sýnileika hennar og setja það markmið að í framtíðinni sé stefnan sú að hanna og framleiða lausnir sem muni fá alþjóðlega eftirtekt sem skapi viðskipti og verðmæti í framtíðinni.
Markaðssetning Ísafjarðarbæjar sem áfangastaðar ferðamanna.	Ísafjarðarbær þarf að vera leiðandi aðili í markaðssetningu Ísafjarðarbæjar gagnvart vænlegum markhópum ferðamanna.	Aukinn fjöldi ferðamanna.	Viðburðir eins og Fossavatnsgangan, Skíðavikan, Act Alone, Við Djúpið, Aldrei fór ég suður og Mýraboltinn eru orðin aðdráttarafl. Tilkoma Markaðsstofu Vestfjarða hefur einnig eflt markaðssetningu gagnvart ferðamönnum. Aukin samvinna MV við Ísafjarðarbæ um markaðssetningu sveitarfélagsins er tækifæri.
Bæta rekstur upplýsingamiðstöðvar.	Upplýsingamiðstöðin þarf að vera rekin á hlutlausum grundvelli og þjóna öllum ferðaþjónustuaðilum.	Markvissari stuðningur við ferðaþjónustuaðila á svæðinu og að upplýsingamiðstöðin njóti trausts allra innan greinarinnar.	Samræma þarf starf upplýsingamiðstöðvarinnar við Markaðsstofu Vestfjarða. Hugsanleg samnýting mannaúds og starfskrafta gæti verið tækifæri sem hægt væri að vinna með.
Markaðssetning Ísafjarðarbæjar með tilliti til flutnings smáfyrirtækja til svæðisins.	Skoðaðar verði leiðir til að bjóða ívilnanir til nýsköpunarfyrirtækja sem vilja flytja starfsemi sína til Ísafjarðarbæjar og þær ívilnanir kynntar markvisst. Þær mega þó ekki skaða rekstrargrundvöll og samkeppnishæfni starfandi fyrirtækja á svæðinu.	Flutningur fyrirtækja til svæðisins leiði af sér atvinnusköpun.	Það skortir greiningar á samkeppnishæfni svæðisins auk þess að hafa raunhæfar ívilnanir til að bjóða.

Áhersla/Aðgerð	Lýsing	Markmið	Staða
Aukin samskipti við Grænland.	Þarf að fullkanna viðskipta- og samstarfsmöguleika við sveitarfélög á Grænlandi. Þetta má útfæra í víðara samhengi og skoða nýtingarmöguleika á höfninni gagnvart erlendum útgerðum.	Aukin nýting hafna og hugsanlegur útflutningur á vörum og þjónustu frá Ísafjarðarbæ.	Greiningar hafa verið unnar á þessu og málið hefur verið í skoðun undanfarin ár en engar áþreifanlegar niðurstöður fengist frá þar til bærum yfirvöldum á Grænlandi.
Starfandi stórfyrirtæki með starfsstöðvar á Ísafirði auki við starfsemi sína.	Unnið verði í að sporna við flutningi starfa til höfuðborgarsvæðisins vegna netvæðingar og benda á fjarvinnslumöguleika t.d. varðandi bakvinnslu, gagnavinnslu, símsvörunarþjónustu og þjónustumiðstöðvar.	Aukin atvinnusköpun innan svæðisins.	Reynt var að fá Vodafone á sínum tíma til að staðsetja hluta símaversins hjá sér á Ísafirði en síðan þá hefur þetta ekki verið framkvæmt sem verkefni.
Kynning á lausu atvinnuhúsnæði.	Ísafjarðarbær, í samvinnu við eigendur á lausu atvinnuhúsnæði geri átak um kynningu á því. Þetta getur verið undir upplýsingaheimasíðu og tengist kynningu á fjárfestingarkostum.	Aukin nýting á lausu atvinnuhúsnæði og hugsanleg atvinnusköpun.	Átak í þessu hefur ekki verið gert, en gæti verið tækifæri svo framarlega sem samkeppnisskilyrði eru jákvæð fyrir hugsanlegan rekstur.
Útvistun á starfsemi.	Ísafjarðarbær skoði möguleika þess að fá undirverktaka til að sinna ákveðnum verkefnum fyrir sig. Það má líkja þessu við einkaframkvæmd t.d. Í rekstri sundlauga, leikskóla, hafna og áhaldahúss o.s.frv.	Hagræðing í rekstri sveitarfélagsins.	Þetta er sífellt umhugsunarefni og nýverið var t.d. boðin út sorppjónusta.
Umskipunarhöfn vegna Pólsiglinga.	Vegna landfræðilegrar legu liggur Ísafjarðarbær vel við vegna umskipunar á varningi sem gæti hugsanlega verið fluttur frá Asíu yfir Norður Ísahafið á leið til Evrópu, Kanada og austurströnd Bandaríkjanna.	Aukin nýting á höfnum Ísafjarðarbæjar.	Búið að klára úttekt. Miðað við núverandi forsendur þá er ekki raunhæft að staðsetja slíka höfn á N-Vestfjörðum. Forsendur breytast fljótt þannig að það þarf að fylgjast með þessu verkefni náið á komandi mánuðum og árum.
Kynning á kvikmyndatökustöðum.	Það þarf að útbúa kynningarpakka sem hægt er að senda á framleiðslufyrirtæki jafnt innanlands og erlendis.	Sýnileiki svæðisins og auknar tekjur til verslunar og þjónustu	Þarf að ákveða eftirfylgni með þessari aðgerð.

Áhersla/Aðgerð	Lýsing	Markmið	Staða
Hljáar móttökur aðfluttra íbúa.	Aðfluttir íbúar fá sendan upplýsingapakka um skóla, íþrótt- og menningarstarf ásamt upplýsingum um þá fjölbreyttu þjónustu sem er í boði á svæðinu.	Jákvæð ímynd út á við og aukin þátttaka aðfluttra í félagsstarfi.	Þarf að ákveða eftirfylgni með þessari aðgerð.
Kynning fjárfestingakosta innan Ísafjarðarbæjar.	Fjárfestingakostir greindir og kynntir á vefsíðu og reglulega í fagttímritum. Áhersla verði lögð á hreint og ómengað umhverfi sem gefi af sér gæðaframleiðslu.	Bæta ímynd svæðisins sem atvinnusvæði og fjárfestingakost.	Verkefnið er í vinnslu hjá Atvest, þarf meira fjármagn og frekari ákvörðun um eftirfylgni.
Staðbundið háskólanám og uppbygging háskólaþorps.	Staðbundið háskólanám þarf að vera valkostur í menntun á svæðinu. Það þarf að skoða vel hvernig þetta nám á að byggjast upp þ.e.a.s. hvaða nám verður í boði. Staðbundið háskólanám er meginforsenda þess að hér verði blómleg byggð í framtíðinni.	Skapa valkosti í framhaldsmenntun fyrir íbúa svæðisins sem þar að auki laðar að nemendur og annað háskólamenntað fólk.	Háskólasetur er til staðar og er í stöðugri uppbyggingu. Varðandi áþreifanlegt háskólaþorp þá gæti það verið fasteignaþróunarverkefni sem Ísafjarðarbær gæti leitt. Verkefnið myndi vera verkefnaskapandi fyrir verktaka ásamt því að byggja upp þekkingarsamfélag.
Hagskýrsla Ísafjarðarbæjar.	Tölulegar upplýsingar um Ísafjarðarbæ þurfa að vera tiltækar á hverju ári. Tölur úr atvinnulífi, íbúapróun, fjölda ferðamanna, fjölda nema o.s.frv.	Upplýsingar um stöðu Ísafjarðarbæjar verði ávallt til og uppfærðar á hverju ári sem nýtist m.a. við samkeppnisgreiningu.	Það hafa verið framkvæmdar greiningar, en það þarf að ákveða hver beri ábyrgð á þessari aðgerð og áætla kostnað við að afla gagna.
Ímynd Ísafjarðarbæjar.	Það þarf að vinna markvisst í að koma jákvæðum fréttum á framfæri í miðla sem fá dreifingu á landsvísu. Ísafjarðarbær fái kynningu sem fjölskylduvænt samfélag með góðum leikskólum, grunnskólum, menntaskóla, unglíngamenningu og blómlegu menninga- og íþróttalífi.	Jákvæð ímynd Ísafjarðarbæjar sem búsetu- og atvinnusvæði	Reynt var að hrinda af stað ímyndarátaki, en verkefnið er í bið, m.a. vegna skorts á fjármagni.
Skipun sóknarvinnuhópa.	Það þarf að skipa faglega vinnuhópa sem taka á sérstökum og mikilvægum málefnum og verkefnum.	Aukið skipulag og skilvirkni varðandi störf sveitarfélagsins.	Ekki verið gert og þyrfti að útfæra með þeim hætti að hægt væri að skipa fagfólk í sóknarhóp sem ekki eru endilega pólitískir.

EFTIRFYLGNI NEFNDA

Þær nefndir sem eru tilgreindar í þessari stefnu með ábyrgðarhlutverk þurfa að tileinka sér ákveðin vinnubrögð. Þau vinnubrögð verða að fela í sér að aðgerðir og verkefni séu fyrirfram mótuð með sértækum og mælanlegum markmiðum. Markmiðasetningin verður að vera skýr og raunsæ svo hægt sé að meta árangur aðgerðanna og verkefnanna.

Nefndirnar þurfa þó að hafa í huga að það verður að meta raunhæfi hvers atriðis fyrir sig sem sett hefur verið hér fram og móta aðgerðirnar innan þess ramma sem nefndin hefur. Það getur því vel verið að sumt af því sem hefur verið sett fram í þessari stefnu eigi ekki við eða sé óraunhæft að fylgja eftir og verður það að vera ákvörðun ábyrgðaraðila hvernig brugðist er við þessum athugasemdum, atriðum og tillögum að aðgerðum.



atvest
PRÓUN & RÁÐGJÓF

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða
Árnagötu 2-4 | 400 Ísafjörður | Sími 450 3000 | atvest.is